

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2002-2003

Framkvæmdastjórn félagsins hélt 10 stjórnarfundum á tímabilinu auk ýmissa vinnufunda. Þar af var einn stjórnarfundur haldinn á Neskaupsstað þar sem stjórn sótti heim fyrrverandi stjórnarmann og núverandi varastjórnarmann Jóhannes Pálsson.

Stjórn FENÚR skipti þannig með sér verkum í upphafi starfsárs:

Formaður	Gunnar Bragason
Varaformaður	Pétur Bjarnason
Gjaldkeri	Ragna I. Halldórsdóttir
Ritari	Guðmundur T. Ólafsson
Meðstjórnandi	Elías Ólafsson

Tæp fimm ár eru nú liðin frá stofnun FENÚR. Enn er verið að móta starfsemi félagsins, haft hefur verið að leiðarljósi að eiga fyrir þeim verkefnum sem ráðist hefur verið í, en nokkrir viðburðir eru þó orðnir fastir liðir í starfseminni.

Helstu verkefni ársins voru þessi:

Áfram var unnið að útfærslu merkingakerfis fyrir meðhöndlun úrgangs. Í vinnuhóp varðandi merkingarmál sitja þeir Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Elías Ólafsson og Björn Halldórsson.

Vegna eigendaskipta á prentsmiðju sem hannaði merkin þurfti að semja aftur um framleiðslu þeirra. Áhersla var af hálfu FENÚR að auðvelt væri að nálgast merkin en jafnframt að kostnaður við kaup á merkjum myndi ekki hindra notkun þeirra. Það tók nokkurn tíma að ná nýjum samningi en það er nú í höfn. Búið er að gera samning um framleiðslu merkjanna við Bros auglýsingavörur og fara pantanir í gegnum FENÚR.

Verkefni um LCA greiningu sem hentað gæti við íslenskar aðstæður lauk á síðasta starfsári og var verkefnið kynnt á haustfundi FENÚR á Sólheimum. Út er komin skýrsla um verkefnið og er skýrslan aðgengileg á heimasíðu FENÚR

Heimasíða FENÚR var endurnýjuð á starfsárinu og gefur nú ýmsa möguleika sem gamla heimasíðan hafði ekki. Gerður var samningur við fyrirtækið Spuna ehf. um gerð heimasíðunnar en af hálfu FENÚR unnu við verkefnið þær Ragna Halldórsdóttir og Gyða Björnsdóttir. Að mati stjórnar FENÚR hefur mjög vel tekist til varðandi útlit síðunnar en innihaldið er síðan á ábyrgð okkar félaga FENÚR. Mikilvægt er að félagar FENÚR séu duglegir að gefa álit sitt á síðunni, bæði það sem vel er gert og einnig að gefa ábendingar um atriði sem betur mættu fara. Umsjónarmaður heimasíðunnar er Gyða Björnsdóttir.

Fyrsta tölublað af fréttariti FENÚR leit dagsins ljós nú í mars. Það er markmið stjórnar FENÚR að fréttaritið komi út nokkrum sinnum á ári og verði aðgengilegt á tölutæku formi. Fyrsta tölublaðið var einnig gefið út á pappír og vissulega má færa fyrir því rök að slíkt form hafi meira kynningargildi fyrir félagið heldur en að vera eingöngu með fréttabréfið á rafrænu formi. Ný stjórn mun taka ákvörðun um form á útgáfu næsta fréttabréfs. Gyða Björnsdóttir sá um hönnun útlits á fréttabréfinu og færir stjórn FENÚR henni bestu þakkir fyrir góða hönnun.

Þungamiðjan í starfi FENÚR eru starfshóparnir. Þeir eru:

- Urðun, brennsla, spilliefni
 - Hópstjóri: Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Lífrænn úrgangur, minnkun úrgangs, flutningur
 - Hópstjóri: Björn Halldórsson
- Lagaumhverfi, vinnuumhverfi
 - Hópstjóri: Var Jóhannes Pálsson en nú hefur Guðmundur Friðriksson tekið við stjórn þessa hóps.

Virgni starfshópanna hefur verið mismikil en framkvæmdastjórnin vill þakka hópstjórum, meðlimum stýrihópa og þeim sem starfað hafa með hópunum fyrir þeirra störf, en jafnframt hvetur stjórnin félagsmenn FENÚR til þátttöku í hópunum. Virkni starfshópanna er lykilatriði í starfsemi FENÚR, ef við vinnum ekki sjálf í þessum málum þá gerist ekkert. Nauðsynlegt er einnig að endurskrá í starfshópana vegna breytinga sem orðið hafa síðan FENÚR var stofnað fyrir 5 árum síðan.

Fyrir ári náðist samkomulag við Hollustuvernd um að Cees A. Meyles verði að hluta kostaður af FENÚR og framlag komi einnig frá Hollustuvernd til vinnu samtals í 2 mannmánuði fyrir félagið. Sá samningur sem gerður var rennur út núna í lok apríl og það kemur því í hlut nýrrar stjórnar að skoða framhaldið varðandi starfsmannamál. Cees hefur setið stjórnar- og vinnufundi FENÚR og hefur einnig tekið þátt í starfi starfshópa og við undirbúning ráðstefna. Stjórnin þakkar Cees samstarfið á starfsárinu sem er að líða.

Nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins, svokölluð STENÚR nefnd hefur unnið undanfarin ár að upplýsingaöflun um umbúðaúrgang og hvernig mögulegt væri að leggja úrvinnslugjöld á slíkan úrgang í samræmi við tilskipun ESB. Fulltrúi FENÚR í nefndinni er Ragna Halldórsdóttir. Eftir mikla vinnu bæði af hálfu hins opinbera og atvinnulífinu, urðu lög um úrvinnslugjöld að veruleika í desember sl. Í framhaldinu var Úrvinnslusjóður stofnaður og hefur hann með umsýslu úrvinnslugjalda að gera og einnig skilagjalda þar sem það á við. Í fyrsta áfanga var lagt úrvinnslugjald á drykkjarfernur, hjólbarða og bæði úrvinnslu- og skilagjald á ökutæki. Í bráðabirgðaákvæði við lögin er síðan ætlunin að leggja úrvinnslugjald á landabúnaðarplast, plast- og pappambúðir og veiðarfæri úr gerviefnum um næstu áramót. Lög um álagningu þeirra gjalda verður þá lagt fyrir á haustþingi.

Hefð er orðið fyrir tveimur ráðstefnum eða félagsfundum á ári. Önnur ráðstefnan er haldin í framhaldi af aðalfundi og síðan önnur að hausti. Góð aðsókn hefur verið að þeim viðburðum sem skipulagðir hafa verið af FENÚR. Mest af verkefnum varðandi ráðstefnuhaldið hefur lent á formönnum starfshópa og vill stjórn FENÚR þakka þeim og öðrum sem lagt hafa fram aðstoð við skipulagningu og framkvæmd ráðstefna og funda á árinu.

Eftir aðalfund félagsins í apríl sl. var haldin ráðstefna með meginþema um endurvinnslu og úrgangsmál. Milli 50 og 60 manns mættu á ráðstefnuna og í lok ráðstefnu var farið í skoðunarferð til Gámabjónustunnar og FURU í Hafnarfirði.

Haustfundur FENÚR var haldinn í glæsilegu ráðstefnuhúsi á Sólheimum 1. nóvember. Meginþema þess fundar var “hvað kostar sorpið”. Flutt voru mörg áhugaverð erindi og fundinn sóttu um 60 manns. Vegna veðurs var ekki farið í skoðunarferð um Sólheima en flutt var erindi um það starf sem unnið er á Sólheimum.

Ráðgjafarstjórn hefur verið óvirk á árinu og hefur í raun ekki náð virkni síðan til hennar var stofnað þegar FENÚR hóf starf. Þar er engu einu um að kenna en næsta stjórn þarf að skoða hvernig virkja megi ráðgjafarstjórn til að efla starf félagsins eins og að var stefnt með skipun hennar, eða undirbúa breytingu á samþykktum félagsins sem betur falla að því stjórnskipulagi sem félagsmenn vilja hafa á félaginu.

Formaður sótti aðalfund ISWA sem haldinn var í Istanbul í Tyrklandi sl. sumar. Innan ISWA eru fjölmargir áhugaverðir starfshópar sem Ísland hefur haft lítil afskipti af og vill stjórn FENÚR enn og aftur hvetja félagsmenn að skoða hvað ISWA hefur að bjóða. SORPA hefur átt fulltrúa í starfshópi um minnkun úrgangs, en full ástæða er til að hvetja félagsmenn til að kynna sér starfsemi þessara hópa. Þátttakan er á kostnað viðkomandi fyrirtækja, en í þessum starfshópum eru fulltrúar frá mörgum heimsálfum. Umræðan er því mjög alþjóðleg og áhugaverð fyrir þá sem vilja fylgjast með þróun þessara mála í heiminum.

Fjármál þróuðust svipað og gert var ráð fyrir og mun gjaldkeri gera grein fyrir þeim hér á eftir. Mikill hagnaður var árið 2001 en þá átti eftir að greiða talsverðan kostnað sem hefði átt að gjaldfærast á því ári. Þar munar mest um LCA verkefnið, tekjur eru bókfærðar árið 2001 en gjöld árið 2002. Það þarf því að leggja saman rekstur undanfarinna tveggja ára til að ná réttri niðurstöðu. Tekjur síðasta árs eru rúmlega 1,7 millj. kr., gjöld vegna starfseminnar rúmlega 1,0 millj. og kostnaður vegna sérstakra verkefna um 1,2 millj. kr. Tap tæplega 500 þúsund á árinu en samanlagður hagnaður síðustu tveggja ára er um 1,0 millj. kr.

Lagt var í nokkur verkefni eins og gerð nýrrar heimasíðu og gerð bæklinga vegna merkja. Félagið er með samning við SORPU um vistun félagsins, þar með talið reikningshald og rekstur heimasíðu. Sú stjórn sem kosin verður hér á fundinum þarf að gera átak í öflun nýrra félagsmanna, en umfram allt þarf að leggja áherslu á að starfshópar verði virkir og með því laða fleiri af núverandi félagsmönnum til starfa fyrir félagið.

Með þökk fyrir samstarfið á því starfsári sem nú er að ljúka.

Reykjavík 4. apríl 2003

f.h. framkvæmdastjórnar FENÚR

Gunnar Bragason,
formaður stjórnar.